AUGLÝSING

um fólkvang og friðland á Hólmanesi.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu, að engar athugasemdir hafi borist vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar fólkvangs og friðlands á Hólmanesi, sbr. auglýsingu í 40. tbl. Lögbirtingablaðs 30. maí 1973, og hefur ráðið samþykkt friðlýsinguna fyrir sitt leyti.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og með skírskotun til laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Reglur um friðlýsingu þessa eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Fylgiskjal.

Auglýsing frá Náttúruverndarráði.

Að tillögu sveitarstjórnar Eskifjarðarhrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið á fundi sínum 7. maí 1973 að friðlýsa Hólmanes og hluta Hólmaháls í Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppi. Er eignarhluti Eskifjarðarhrepps fólkvangur samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en eignarhluti ríkisins í Reyðarfjarðarhreppi friðland samkvæmt 24. grein sömu laga.

Mörk svæðisins eru þessi:

Hið efra um Langhamra ofan núverandi þjóðvegar. Eskifjarðarmegin liggja þau úr enda Langhamra í hreppamörk rétt vestan Völvuleiðis og þaðan niður eftir melrinda stystu leið til sjávar utan við ytri Bólklettseyri. Reyðarfjarðarmegin eru mörkin frá innri enda Langhamra utan Illukeldu þvert á þjóðveg niður í beitargirðingu Hólmajarðar og fylgja henni til sjávar við Hörganes. Hólmarnir í landi Hólmajarðar fylgja hinu friðlýsta svæði svo og grynningar og flesjar við ströndina innan marka þess.

Samræmdar reglur, sem gilda um allt svæðið eru þessar:

1. Gangandi fólki er frjáls umferð, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu. Æðarvarp verði nytjað og njóti verndar á hefðbundinn hátt.
2. Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegt viðhald þjóðvegar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu. Vélknúnum tækjum má aðeins aka eftir þjóðvegi.
3. Sauðfjárbeit verður látin óátalin á svæðinu fyrst um sinn, enda verði ekki um aukningu beitar að ræða frá því sem tíðkast hefur síðustu ár. Verði breyting á og svæðið girt og friðað fyrir beit skal ákvörðun þar að lútandi tilkynnt ábúanda á Hólmum með tveggja ára fyrirvara.
4. Undanþágur frá reglum þessum eru háðar samþykki Náttúruverndarráðs.


HÓLMANES
ÓFEIGSFJALL
Veturhús
Bleiksá
Eskifjörður
Byggðarholt
Grjótá
Hólmaströnd
Eskifjörður
985 Hólmatindur
Svínaskáli
Ytri-Bólklettseyri
Ráðar
Völvuleiði
Baulhús
Fólkvangur
Friðland
Langhamrar
Hólmaháls
Hólmaborgir
114
Hólmanes
Leiðar-
höfði
Flateyri
Hólmar
Hörganes
Stórhólmi
Reyðarfjörður
Hjálmeyri
1:50.000
0
1
2
Biskupshöfði

Umsjón með svæðinu er í höndum þriggja manna. Skulu sveitarstjórnir Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps tilnefna einn mann hvor, en Náttúruverndarráð hinn þriðja og er hann formaður. Starfstími nefndarinnar er milli sveitarstjórnarkosninga. Kostnaður, sem leiðir af stofnun og rekstri hins friðlýsta svæðis, greiðist að jöfnu af ríki og Eskifjarðarhreppi.

Fyrir hönd Náttúruverndarráðs,

Eysteinn Jónsson, formaður — Árni Reynisson, framkv.stj.

Nr. 394. 14. desember 1973.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Kjalarneshrepps.

1. gr.

Vatnsveitan er eign Kjalarneshrepps, og fer hreppsnefndin með stjórn hennar og reikningsald. Reikningsár hennar er almanaksárið og skulu reikningar lagðir fram ásamt hreppsreikningum.

2. gr.

Tilgangur vatnsveitunnar er fyrst og fremst sá, að sjá Klébergshverfi, Hofshverfi, Arnarholti og nærliggjandi býlum þessara staða fyrir nægilegu og góðu vatni. Enn fremur er stærð aðalæðar miðuð við það að geta fullnægt vatnsþörf væntanlegs þéttbýlis í Grundarlandi.

3. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

4. gr.

Hreppsnefnd sér um frágang vatnsbóls og lagningu stofnæða. Hreppsnefndinni er heimilt að ráða umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum.

5. gr.

Sá, sem óskar að tengja hús sitt við stofnæð, skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar. Umsókninni skal fylgja teikning af lögn heimæðar, ásamt áætlun um vatnsþörf, undirrituð af pípulagningameistara eða öðrum þeim, sem hreppsnefnd viðurkennir.

6. gr.

Húseigandi skal sjá um og bera allan kostnað af lögn, tengingu og viðhaldi heimæðar. Þó getur hreppsnefnd ákveðið, að heimæðar skuli lagðar af vatnsveitu á kostnað húseiganda. Ákveði hreppsnefnd það, skal vatnsmælir settur upp á kostnað húseiganda.

7. gr.

Innrennslisloki og renniloki skulu vera á hverri heimæð. Lagnir má ekki hylja fyrr en fulltrúi hreppsnefndar hefur skoðað þær og samþykkt. Ekki er heimilt að